

Minnisblað

Til: Péturs Inga Haraldssonar sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar
Frá: Framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs Sjúkrahússins á Akureyri (SAk)
Dags.: 15. desember 2021
Efni: Skipulag Tónatröð og Spítalavegur

Sæll Pétur Ingi!

Í tengslum við kynningu 4. nóvember síðastliðinn og eftirfarandi bókanir skipulagsráðs Akureyrarbæjar varðandi breytingar á skipulagi við Tónatröð óskar Sjúkrahúsið á Akureyri eftir upplýsingum og samtali varðandi stöðu mála. Vísað er til eftirfarandi gagna sem aðgengileg eru á heimasíðu Akureyrarbæjar:

- Tónatröð og Spítalavegur – breyting á aðalskipulagi (Málsnúmer 2021120164)
- Tónatröð – umsókn um breytingu á skipulagi (Málsnúmer 2021011421)
- Tónatröð – andmæli við ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrar 4. maí 2021 (Málsnúmer 2021060462)

Austan megin við A- og D-álmu SAK er aðal gasgeymsla og súrefnistankur sjúkrahússins. Á því svæði er ákveðin bruna- og sprengihætta. Horfa þarf til þess hvaða áhrif þetta gæti haft á byggingar á svæði sem í dag er óbyggt.

Fasteignin Stekkur í Tónatröð er í eigu SAK. Stekkur er notað sem íbúðahúsnæði fyrir utanaðkomandi starfsfólk SAK og nálægð þess hefur marga kosti. Stekkur hefur verið fjarlægður í því kynningarefni sem kynnt hefur verið og annað hús teiknað þar í staðinn.

Ljóst er að fyrirhugaðar áætlanir munu þýða aukningu á umferð í gegnum lóð SAK norðan við spítalabyggingu. Legið hafa fyrir áætlanir um breytingar á deiliskipulagi varðandi flutning á Eyrarlandsvegi/Spítalavegi norður að Lystigarði og rétt að þær verði skoðaðar í þessu samhengi.

Ný legudeildarálma er komin á fjárhagsáætlun ríkisins og bíður samþykkis hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Í því samhengi eru breyttar forsendur miðað við núverandi skipulag og mikilvægt að skoða þau mál mtt. mögulegra hagsmunaárekstra og upplýsinga. M.a. er ljóst að nokkur skuggavarp mun verða af fyrirhugaðri legudeildarálmu á áformaðar byggingar við Tónatröð því skv. nýjustu áformum verður legudeildarálman staðsett austarlega á lóð sjúkrahússins.

Virðingarfyllt


Guðmundur Magnússon
Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs
Sjúkrahúsið á Akureyri
s. 463 0100 / 463 0103 / 896 4273